



Reykjavíkurborg

Jöfn tækifæri til að láta drauma rætast



Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í
barnavernd 2019-2023

Október 2019

Inngangur

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkur í barnavernd fyrir tímabilið 2019-2023 er unnin í samráði við fjölmarga aðila sem vinna að hagsmunum barna og barnafjölskyldna í Reykjavík. Yfirskrift framkvæmdaáætlunar kallast á við Menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðra stefnumörkun borgarinnar í málefnum barna. Hlutverk Barnaverndar er að stuðla að því að öll börn hafi jöfn tækifæri til að láta drauma sína rætast. Í því felst að veita börnum og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning til að nýta styrkleika sína. Framkvæmdaáætlunin byggir á fimm áhersluverkefnum og fjölda aðgerða sem styðja við hvert áhersluverkefni.

Framtíðarsýnin er að þjónusta við börn í Reykjavíkurborg einkennist af samvinnu allra aðila um forvarnir og snemmtæka þjónustu á vettvangi barna með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Stefna Reykjavíkurborgar í barnavernd

Stefna Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Lögð er áhersla á að skapa börnum góð þroska- og uppeldisskilyrði í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar og styðja þau í daglegum verkefnum með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd þeirra og efla félagsfærni. Forráðamönnum stendur til boða stuðningur, ráðgjöf og fræðsla um foreldrahlutverkið og uppeldi.

Komi fram vísbindingar um vanda barns skal brugðist við hratt og örugglega í góðri samvinnu þeirra þjónustukerfa sem að málum þurfa að koma.

Reykjavíkurborg fylgist markvisst með árangri af aðgerðum sem stuðla eiga að velferð barna og hvetur til rannsókna á sviði barnaverndar.

Áhersluverkefni árin 2019-2023

Áhersluverkefni framkvæmdaáætlunar í barnavernd Reykjavíkurborgar fyrir árin 2019-2023 byggja á stefnumótun Reykjavíkurborgar og ríkisins, og niðurstöðum vinnustofu allra helstu hagsmunaaðila í þjónustu við börn í Reykjavík sem fór fram 10. apríl 2019. Á grunni áhersluverkefna verður unnin tímasett aðgerðaáætlun þar sem aðgerðum og verkþáttum er lýst nánar og ábyrgð afmörkuð. Aðgerðirnar miða flestar að því að skýra ábyrgð, straumlínulaga verklag og bæta nýtingu á þeim björgum sem eru þegar til staðar í þjónustu við börn í Reykjavík.


I. Innri málefni Barnaverndar Reykjavíkur

Í forgangi er að vinna áfram að breytingum á skipulagi, verklagi og vinnumenningu innan Barnaverndar Reykjavíkur í samræmi við stefnumörkun velferðarráðs og samþykkt borgarráðs frá 15. nóvember 2018. Markmið þeirra breytinga er að tryggja skilvirka og árangursríka þjónustukeðju og bæta starfsumhverfi starfsmanna hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Þar er lögð áhersla á innleiðingu gæðastjórnunar og árangursmats, aukið fræðsluhlutverk Barnaverndar, notendasamráð og að innleiðingu rafrænna lausna í daglegri umsjáslu verði flýtt.

Dæmi um aðgerðir

- Hlutverk og aðkoma Barnaverndar Reykjavíkur gagnvart almennri starfsemi borgarinnar sem snýr að velferð barna verður skýrð og fest í sessi.



- Verkferlar verða endurskoðaðir með það fyrir augum að einfalda þá, auka skilvirkni og lágmarka skrifræði. Lögð verður áhersla á að forgangsraða í þágu þjónustu og beinni vinnu með börn og foreldra.
- Unnið verður að því að starfsmannahópur Barnaverndar endurspegli fjölbreytileika samfélagsins í borginni samhliða því að þekking starfsmanna á þörfum einstakra hópa, s.s. fólks með fötlun og borgarbúa af erlendum uppruna verður aukin.
- Skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur verði sköpuð umgjörð sem hæfir starfsemi betur.
- Komið verði á fót úrræði til að taka við og styðja þungaðar konur sem eru í hættu á að valda sér og ófæddu barni sínu skaða
- Aðgengi að Barnavernd Reykjavíkur verður bætt, m.a með beinu símanúmeri.
- Aukin áhersla verður lögð á teymisvinnu Barnaverndar með aðilum í nærsamfélagi barns og fjölskyldu.
- Stuðningur við fósturfjölskyldur verður endurskoðaður og gerður markvissari með handleiðslu og eftirfylgd, meðal annars með skjáheimsóknum.
- Nýtt málaskrárkerfi verður tekið í notkun hjá Barnavernd Reykjavíkur til að styðja málsmeðferð og úrvinnslu.
- Helstu ferlar Barnaverndar Reykjavíkur verða skráðir. Sett verða árangursviðmið og framkvæmt reglulegt mat á vinnuálagi.
- Skilgreina verklag notendasamráðs við þá einstaklinga sem hafa verið í forsjá Barnaverndar Reykjavíkur sem börn eða unglingar.



II. Forvarnir og snemmtæk íhlutun

Í þjónustu Reykjavíkurborgar við börn og barnafjölskyldur er lögð áhersla á stigskiptar aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir að börn lendi í vanda sem kallar á aðkomu Barnaverndar. Forgangsraðað verður í þágu forvarna og forvirkra aðgerða sem miða að valdeflingu barna og forráðamanna á borð við foreldrafræðslu, ráðgjöf og þjálfun barna í félagsfærni og tilfinningastjórnun. Skimað verður eftir vanda og brugðist við á vettvangi barnsins um leið og vanda verður vart.

Dæmi um aðgerðir

- Í skólum, frístundastarfi, þjónustumiðstöðvum og annarri starfsemi Reykjavíkurborgar sem snýr að börnum verður börnum skapað umhverfi og aðstæður sem stuðlar að sterkri sjálfsmynd þeirra og vellíðan. Stuðningur og þjónusta verður veitt á grundvelli fyrirbyggjandi mats á hverjum tíma en ekki beðið eftir klínískum greiningum. Biðtími eftir þjónustuúrræðum verður stytur og hann brúaður með ráðgjöf og stuðningi.
- Notaðar verða viðurkenndar aðferðir og úrræði og unnið samkvæmt skilgreindu verklagi Reykjavíkurborgar um stigskipta þjónustu samkvæmt Reykjavíkurlíkaninu.
- Markvisst verður skimað fyrir áhættuþáttum og færniþáttum foreldra með viðurkenndum matstækjum.



III. Stuðningur og þjónusta á vettvangi barns

Þegar vart verður við vanda sem stöðjar að barni er brugðist við með þjónustu á vettvangi barnsins, þ.e. í viðkomandi skóla, frístundaheimili, félagsmiðstöð eða með stuðningi við forráðamenn á heimili eftir því sem við á hverju sinni.

Með stuðningi á vettvangi barns er átt við úrræði sem stuðla að aukinni félagsfærni, og auknum árangri í leik- og grunnskóla, bættum upplýsingastæðum og sterkari sjálfsmynd í umhverfi barnsins.

Beita skal vægstu úrræðum sem metin eru vænleg til að skila árangri hverju sinni.

Dæmi um aðgerðir

- Vægi úrræða sem snúa að styrkingu foreldra í upplýsingahlutverkinu verður aukið. Þar má nefna foreldrafærninámskeið og fjölskylduráðgjöf sem verði markvisst beitt til að koma í veg fyrir að vandi verði fjölskyldum ofviða.
- Forráðamönnum barna sem metin eru í áhættu stendur til boða fræðsla og ráðgjöf um foreldrahlutverkið og upplýsingar og/eða ráðgjöf um úrlausn vandamála sem upp koma á heimilum, s.s. samskiptavanda, og aðstoð við úrlausn þeirra.
- Viðeigandi fræðsla um vanda barna, verklag og úrræði verður í forgangi í skipulagi sí- og endurmenntunar og ráðgjöf og handleiðsla til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.
- Viðurkennd og matstæki verða nýtt við að virkja foreldra og starfsfólk skóla í samstilltum vinnubrögðum með viðkomandi barn.
- Innleitt verður verklag málstjóra í öllum þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.



IV. Auka samvinnu stofnana

Eitt meginmarkmið framkvæmdaáætlunar er að stuðla að samræmingu aðgerða og vinnubragða þeirra sviða og starfseininga Reykjavíkurborgar sem vinna að málefnum barna, sem og að auknu samstarfi við önnur þjónustukerfi sem starfa á sama sviði, s.s. Barnaverndarstofu, Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, Landspítala Háskólasjúkrahúss og frjálsra félagsamtaka. Reykjavíkurborg leggur áherslu á samstarf um stigskipta þjónustu við börn og barnafjölskyldur, í virku samtali aðila með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Þjónustumiðstöðvar gegna veigamiklu hlutverki í samræmingu þjónustu á milli stofnana í sínu hverfi. Samstarfsnetið er lykilaðili í þróun þjónustu þvert á svið og stofnanir borgarinnar og stuðlar að samfelli í þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur þeirra.

Barnavernd hefur frumkvæði að því að kalla saman þá aðila sem koma að málum einstakra fjölskyldna til að samræma aðgerðir á tilkynningafundum þegar mál eru unnin á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Lögð er áhersla á að skilgreina ábyrgð og aðkomu aðila í verklagsreglum sem eru samþykktar og viðurkenndar af öllum hlutaðeigandi aðilum, innan borgarkerfisins sem utan þess, sbr. t.d. „Verklagsreglur um þjónustu við börn með fjölþættan vanda“ og hlutverk málstjóra skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Lögð er áhersla á að auka þekkingu starfsmanna á hlutverki og úrræðum annarra þjónustukerfa en viðkomandi starfar í og boðleiðum innan og á milli kerfanna. Samskipti á milli aðila í mismunandi þjónustukerfum skulu aukin og bætt.


15.10.2019. Drög til umsagnar.

Umboð Barnaverndar til að óska eftir aðkomu annarra aðila og fela starfsfólki og stofnunum verkefni sem falla undir þeirra ábyrgðar- og verksvið verði viðurkennt. Unnið verður að því að skapa gagnkvæmt traust á milli aðila með fræðslu um hlutverk Barnaverndar, starfshætti og úrræði. Starfsmenn Barnaverndar fá sérstaka þjálfun í því að beita þessum aðferðum.

SAMSTARF MILLI STOFNANA ER LYKILATRIÐI

Dæmi um aðgerðir

- Markmið, verklag og eftirfylgd tilkynningafunda verður endurskilgreint og starfsmenn fá viðeigandi þjálfun. Tryggja þarf umboð þátttakenda til að taka ákvarðanir.
- Upplýsingar um hlutverk og ábyrgð Barnaverndar, félagsþjónustu, skóla, frístundastarfs, heilbrigðiskerfis og annarra aðila í þjónustu við börn skulu kynntar notendum þjónustunnar og vera aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar.
- Markvisst samstarf stofnana borgarinnar við að miðla upplýsingum um árangursríkar aðgerðir.
- Samstarf við þjónustukerfi ríkisins fer fram á reglulegum samráðsfundum með heilsugæslunni og BUGL.



V. Aukin áhersla á skilvirkni, mælingar og árangursmat

Unnið verður markvisst að því að skilgreina og skrá árangur í einstökum málum með samræmdum hætti svo hægt sé að meta árangur af breyttri forgangsröðun og vinnulagi í þjónustu við börn og barnafjölskyldur. Mikilvægt er að beiting snemmtækra úrræða á vettvangi barns sé skráð og árangur metinn í hverju máli fyrir sig.

Hlutfall mála sem unnið er með á vettvangi barns, þ.e. á heimili, í skólum, frístundastarfi eða verður aukið með snemmtækum úrræðum á borð við þjálfun í félags- eða foreldrafærni. Markmiðið er að lækka hlutfall mála sem leiða til beitingar þriðja stigs úrræða á borð við fóstur eða vistun á vistunar- eða meðferðarheimilum.

Dæmi um aðgerðir

- Sérstök áhersla verður lögð á mat á árangri forvarna og snemmtækra aðgerða. Niðurstöður verða kynntar opinberlega á aðgengilegan hátt til að gefa samstarfsaðilum og almenningi innsýn í árangur af starfi borgarinnar í þjónustu við börn.
- Upplýsingar um málafjölda, árangur aðgerða og stöðu verkefna í framkvæmda- og aðgerðaáætlun skulu kynntar barnaverndarnefnd og velferðarráði til að gefa nefndarmönnum kost á að leggja sjálfstætt mat á árangurinn af starfi þeirra.
- Reykjavíkurborg hvetur til rannsókna á árangri aðgerða í barnaverndarmálum.
- Innleidd verða viðurkennd mælitæki og matslistar í könnunarferli Barnaverndar.

Ábyrgð á framfylgd framkvæmdaáætlunar

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd byggir á 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og er lögð fyrir borgarstjórn til samþykktar. Borgarstjórn ber ábyrgð á þjónustu Reykjavíkurborgar við börn og barnafjölskyldur í Reykjavík.

Velferðarráð og skóla- og frístundaráð bera ábyrgð á að þeirri forgangsröðun sem birtist í framkvæmdaáætlun sé fylgt í starfsáætlun.

Sviðsstjórar velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs bera ábyrgð á að forgangsröðun hlutaðeigandi ráðs sé framfylgt í þjónustunni.

Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur er verkefnisstjóri við framfylgd áætlunarinnar og hefur með höndum samræmingu aðgerða og heldur utan um mat á framgangi og árangri. Framkvæmdastjóri upplýsir sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs árlega um framgang áætlunarinnar auk þess sem markmið og árangursmælikvarðar eru settir í starfsáætlun velferðarsviðs, barnaverndarnefndar og skóla- og frístundasviðs.

Greinargerð með framkvæmdaáætlun í barnavernd Reykjavíkurborgar

Aðdragandi og undirbúningur

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd var unnin í víðtæku samráði við ýmsa aðila sem vinna að hagsmunum barna og barnafjölskyldna.

Haldin var vinnustofa þar sem fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur, velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs og ýmissa samstarfsaðila ræddu stöðu og stefnu í málefnum barna og létu í ljósi skoðanir sínar á forgangsröðum og þörfum fyrir aðgerðir og umbætur. Á vinnustofunni komu saman rúmlega 100 fulltrúar frá stofnunum Reykjavíkurborgar og ríkisins, auk fulltrúa félagasamtaka sem starfa í þágu barna.

Helstu niðurstöður vinnustofunnar voru þessar:

- Barnið á að vera í forgrunni
- Stuðning og þjónusta á að veita á vettvangi barnsins
- Auka þarf samvinnu stofnana
- Áhersla á að vera á forvarnir og snemmtæka íhlutun
- Vinna þarf með vanda barna í skólum
- Auka þarf fræðslu, þjónustu og stuðning við fjölskyldur
- Auka þarf skilvirkni, mælingar og rannsóknir

Niðurstöðurnar eru í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við börn og fjölskyldur og þá stefnu sem birtist í barnaverndarlögum og þingsályktunartillögu félags- og barnamálaráðherra um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.

Stýrihópur sem í sátu fulltrúar Barnaverndar Reykjavíkur, velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, með aðstoð ráðgjafa RR ráðgjafar, unnu að útfærslu framkvæmdaáætlunarinnar með niðurstöður vinnudagsins að leiðarljósi ásamt stefnum Reykjavíkurborgar sem tengjast börnum og unglingum.



Stefna Alþingis

Stefna í barnavernd á Íslandi er að mestu mörkuð í barnaverndarlögum nr. 80/2002, þar sem áhersla er lögð á að hagur barns skuli ávallt hafður að leiðarljósi og að almennum úrræðum til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til annarra og meira íþyngjandi úrræða.

Markmið barnaverndarlaga er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Markmiðum laganna verður náð með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Framkvæmdaáætlun félags- og barnamálaráðherra í barnavernd byggir á átta stöðum sem sýna forgangsröðun og áherslur ráðherra í málaflokknum:

- A. Samstarf og heildarsýn í málefnum barna.
- B. Breytingar á barnaverndarlögum.
- C. Snemmtæk íhlutun og fyrirbyggjandi aðgerðir.
- D. Stuðningur vegna barna á fósturheimilum.
- E. Meðferð alvarlegs hegðunar- og vímuefnavanda
- F. Bætt verklag í barnavernd.
- G. Kannanir, rannsóknir og gæðamat.
- H. Eftirfylgni og innleiðing breytinga¹.

Samstarf og sameiginleg ábyrgð á því að veita börnum og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning er megininntak stefnu ríkis og Reykjavíkurborgar í barnavernd. Að stuðlað verði að snemmtækri íhlutun og samfelli í þjónustu, sem sé veitt á vettvangi barnsins í samráði við það og fjölskyldu þess.

Markmið og tilgangur framkvæmdaáætlunar

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd er gerð á grundvelli 9. greinar barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt henni eiga sveitarfélög að marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir hvert kjörtímabil. Framkvæmdaáætlun hefur það að markmiði að ná breiðri samstöðu og samvinnu við fjölskyldur, aðrar stofnanir borgarinnar, stofnanir ríkisins og hagsmunaaðila um að öll börn hafi tækifæri á að láta drauma sína rætast. Þau öðlist sterka sjálfsmynd, hafi félagsfærni og trú á eigin getu og nái árangri.

Tilgangur framkvæmdaáætlunar er að stuðla að framfylgd stefnu Reykjavíkurborgar í barnavernd og tryggja að starfsmenn Barnaverndar og annarra stofnanna Reykjavíkurborgar hafi þau verkfæri og úrræði sem þeir þurfa til að veita þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra samkvæmt henni. Jafnframt er framkvæmdaáætlun ætlað að gefa yfirsýn yfir þau áhersluverkefni sem ráðast þarf í til að stefnan nái fram að ganga á gildistíma hennar.

Framkvæmdaáætlun í barnavernd er ætlað að stuðla að samræmingu aðgerða og vinnubragða þeirra sviða og starfeininga Reykjavíkurborgar sem vinna að málefnum barna, sem og að auknu samstarfi við önnur þjónustukerfi sem starfa á sama sviði, s.s. Barnaverndarstofu, Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, Landspítala Háskólasjúkrahúss og frjálsra félagsamtaka.

Í framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á aðgerðir og úrræði sem komið geta í veg fyrir að grípa þurfi til íþyngjandi aðgerða.

EFLA TRAUST
MILLI KERFA,
ÞAR MEÐ
UPPLÝSINGAFLÆÐI



¹ <http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/framkvæmdaáætlun-a-svidi-barnaverndar-2019-2022>

Hlutverk og ábyrgð

Ábyrgð á velferð og aðbúnaði barna hvílir fyrst og fremst á forráðamönnum þeirra, en þegar forráðamenn ráða illa við hlutverk sitt er það á ábyrgð samfélagsins að bregðast við.

Þeir sem starfa með börnum eru í betri stöðu en aðrir til að fylgjast með aðstæðum þeirra og vekja athygli á því þegar misbrestur verður á aðstæðum barna eða ef börn sýna af sér áhættuhegðun. Tilkynningaskylda þeirra er því ríkari en annarra og sú skylda gengur framár ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu².

Félags- og barnamálaráðuneyti ber ábyrgð á heildarstefnumótun á sviði barnaverndar. Barnaverndarstofa er ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í mála-flokknum og vinnur samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu. Samkvæmt lögnum skal hún hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar og veita leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu. Barnaverndarstofa hefur jafnframt eftirlit með störfum barnaverndarnefnda.

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á og sinnir víðtækri þjónustu við börn og ungmenni í Reykjavík.

Barnavernd hefur með höndum eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna og skal bregðast við þegar ætla má að barn búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Þá hafa leik- og grunnskólar ríkar skyldur til að stuðla að velferð barna og skipuleggja nám hvers og eins þannig að það stuðli að þroska þeirra og vellíðan. Ákvæði þessa efnis er að finna í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Jafnframt er kveðið á um samstarf við forráðamenn og aðra fagaðila.

Þá bera heilsugæslan og aðrar stofnanir heilbrigðiskerfisins ábyrgð á eftirliti með andlegri og líkamlegri heilsu barna og skal grípa til aðgerða ef henni er ógnað.



² Barnaverndarlög nr. 80/2002, 17. grein.